

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

# Ályktanir Haustþings SSV

---

Haldið í Hótel Glym 7. október 2015



SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## EFNISYFIRLIT

---

Atvinnumál .....	2
Opinber þjónusta.....	3
Málefni fatlaðra.....	3
Heilbrigðisþjónusta og öldrunarmál.....	3
Framhalds- og háskólar .....	4
Löggæsla .....	4
Jöfnun húshitunarkostnaðar .....	4
Sóknaráætlun Vesturlands .....	5
Samgöngumál og fjarskipti .....	5
Vegaframkvæmdir .....	5
Almenningssamgöngur.....	6
Hafnir og flugvelliir .....	6
Fjarskiptamál .....	7
Annað .....	7

# ATVINNUMÁL

---

Aðalfundur SSV haldinn að Glym í Hvalfjarðarsveit 7. október ályktar um atvinnumál:

- Grunnatvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður eru á ákveðnum svæðum Vesturlands, meginstoðir atvinnulífs. Mikilvægt er að þessum atvinnugreinum séu skapaðar starfsaðstæður þannig að þær þróist og dafni þannig að það verði bæði eftirsóknarvert og arðbært að stunda rekstur og starfa í þessum atvinnugreinum. Lýst er yfir áhyggjum vegna starfsskilyrða lítilla útgerða sem eru meginstoð útgerðar á Snæfellsnesi. Varðandi landbúnað verði hugað að mótægisaðgerðum við endurnýjun búvörusamninga vegna nýgerðrar tollasamninga við Evrópusambandið.
- Ferðaþjónusta hefur eins og annars staðar á landinu vaxið gríðarlega á Vesturlandi á síðustu árum og spáð er enn frekari vexti næstu árin. Mikið vantar á að grunngerð, til að taka á móti þessari miklu aukningu, vegi, áningastaði o.fl. Finna þarf leiðir til að leiðrétta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á tekjum af ferðamönnum og mikilvægt er að gera stóratök í að bæta vegakerfið til að taka á móti auknum ferðamannastraum og bæta vegtengingar um Uxahryggi til Suðurlands, bæta vegakerfi í gegnum Dali og tengingar milli Dalabyggðar og Snæfellsness.
- Nettengingar eru forsendur nútímasamfélags. Víða á Vesturlandi er ástand fjarskiptamála óviðunandi og gríðarlega mikilvægt að byrjað verði á útbótum hið fyrsta. Ríkisvaldið verður að setja fram áætlun um með hvaða hætti ríkið ætli að koma að þessu verkefni, því nettengingar eru forsenda nútíma búsetuskilyrða og atvinnuuppbyggingar í dreifðum byggðum bæði í landbúnaði og ferðaþjónustu. Á Vesturlandi er búið að vinna mikla undirbúningsvinnu á þeim svæðum þar sem ástandið er óviðunandi og beðið er eftir ákvörðun ríkisvaldsins um aðkomu þess að þessu verkefni. Það getur ekki orðið hlutverk sveitarfélaga að sjá um uppbyggingu á nettengingum.
- Iðnaðarsvæðið á Grundartanga hefur mikið og vaxandi hlutverk á suðursvæði Vesturlands. Mikilvægt er að unnið verði að því að nýta þau tækifæri í jákvæðum tilgangi sem núverandi og væntanleg starfsemi gefur til framþróunar á svæðinu, bæði í þjónustu- og þekkingargreinum af öllum tagi.
- Öll atvinnuuppbygging, atvinnuþróun og styrking búsetuskilyrða byggjast á aukinni þekkingu. Á Vesturlandi eru tveir háskólar, þrír framhaldsskólar og nokkur þekkingar- og rannsóknarsetur sem eru gríðarlega mikilvægar stoðir í grunngerð samfélagsins. Lögð er áhersla á að starfsemi þessara eininga verði eflað, enda hefur starfsemi þeirra haft jákvæð mælanleg áhrif á þekkingarstig á svæðinu.

## OPINBER ÞJÓNUSTA

---

Opinber þjónusta snertir íbúa með ýmsum hætti og hefur mikil áhrif á líf fólks, vöxt og viðgang samfélaga. Sveitarfélögin halda utan um stóran hluta af þjónustu við íbúa, en að sama skapi er þjónusta ríkisins íbúunum mikilvæg auk þess sem ríkið fjármagnar hluta af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin inna af hendi. Í nýjum Hagvísi SSV um þróun opinberra starfa á Vesturlandi kemur fram að störfum hefur fækkað á milli árunna 2013 og 2015 um tæplega 23, voru 841,25 en eru í dag 818,56. Mest er fækkunin í störfum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Haustþing SSV 2015 ályktar eftirfarandi um opinbera þjónustu á vegum ríkisins og þjónustu sem er fjármögðuð af ríkinu.

### MÁLEFNI FATLAÐRA

---

Haustþing SSV tekur undir ályktun stjórnar SSV frá 10.06.2015, þar sem segir að ef fjárveitingar til málefna fatlaðra verði ekki auknar séu sveitarfélög á Vesturlandi knúin til þess að skila verkefninu aftur til ríkisins. Sveitarfélögin tóku yfir málefni fatlaðra frá ríkinu árið 2011 og s.l. ár hefur staðið yfir endurskoðun á forsendum samnings ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku sveitarfélaga á þessu verkefni. Það er ljóst að verulegt fjármagn vantar frá ríkinu til þess að sveitarfélögin geti staðið undir þjónustu við fatlaða einstaklinga og uppfyllt lög og reglugerðir um þjónustuna.

Í samantekt sem KPMG vann fyrir SSV kom fram að árið 2014 vantaði 88 mkr til þess að tekjur stæðu undir rekstarkostnaði við málefni fatlaðra. Það er jafnframt ljóst að fjárskortur verður á annað hundrað mkr árið 2015, auk þess sem ekki hefur verið gert ráð fyrir fjármagni í uppbyggingu á búsetuúrræðum fatlaðra. Við svo búið verður ekki unað lengur.

Haustþing SSV skorar á alþingi að hækka fjárveitingar til málefna fatlaðra, annað hvort í gegnum hækkuð framlög Jöfnunarsjóðs eða hærra útsvarshlutfall sveitarfélaga, þannig að sveitarfélögin geti sinnt þessu mikilvæga verkefni. Þá er afar brýnt að til verði sérstakur tekjustofn sem fjármagnar uppbyggingu á þjónustu svo sem búsetuþjónustu við fatlaða.

### HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA OG ÖLDRUNARMÁL

---

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja að hjúkrunarheimili í eigu sveitarfélaga sitji við sama borð og heimili sem eru rekin sem sjálfseignastofnanir þegar kemur að yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum.

Rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila hefur verið afar erfiður á Vesturlandi undanfarin ár og flest þeirra rekin með töluverðu tapi, sem sveitarfélögin þurfa í sumum tilfellum að taka á sig. Haustþing SSV bindur miklar vonir við gerð þjónustusamninga og skorar á ríkisvaldið að hraða þeirri vinnu sem kostur er og hækka daggjöld til dvalar- og hjúkrunarheimila.

Góð heilbrigðisþjónusta er forsenda fyrir búsetu á Vesturlandi. Eftir mikinn niðurskurð frá 2008 hafa stjórnvöld að nýju lagt meira fjármagn til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Hins vegar er mikið verkefni framundan við að efla heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi. Afar mikilvægt er að tryggja rekstrargrundvöll og efla tækjakost sjúkrahúsanna á Akranesi og í Stykkishólmi. Haustþing SSV hvetur til þess að skoðað verði hvernig sjúkrahúsin geti styrkt grundvöll sinn með sérhæfingu og sérverkefnum. Mikilvægt er einnig að efla starfsemi heilsugæslustöðva á Vesturlandi þannig að þær geti áfram sinnt starfsemi sinni og tryggð verði viðvera lækna alla daga á heilsugæslustöðvum. Mikilvægt er að heilbrigðisþjónustan geti sinnt stóráuknum fjölda sumarhúsafólks og ferðamanna sem heimsækir Vesturland ár hvert.

## FRAMHALDS- OG HÁSKÓLAR

---

Haustþing SSV 2015 skorar á stjórnvöld að tryggja að menntastofnanir á Vesturlandi hafi nægt fjármagn til að geta elft það mikilvæga starfi sem þær sinna. Á Vesturlandi eru öflugar menntastofnanir sem gegna lykilhlutverk við uppbyggingu búsetu á svæðinu. Í nýlegri samantekt SSV um þróun opinberra starfa, kemur fram að stöðugildum í menntastofnunum á Vesturlandi hefur fækkað verulega á milli árána 2013 og 2015. Þannig hefur störfum í framhaldsskólunum þremur fækkað um ríflega 20 og svipuð fækkun er innan Landbúnaðarháskóla Íslands. Við svo búið verður ekki unað.

Mikilvægt er að menntastofnanir á Vesturlandi haldi sjálfstæði sínu, en leitað verði leiða til að auka samstarf þeirra á milli til að nýta betur mannauð og opinbert fjármagn.

## LÖGGÆSLA

---

Haustþing SSV 2015 skorar á Alþingi að afskrifa þann halla sem hvílir á embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi frá fyrri tíð, þannig að unnt verði að ráða í þau stöðusgildi lögreglumanna sem heimild er fyrir. Nauðsynlegt er að vera með mannaðar lögreglustöðvar í öllum þéttbýliskjörnum, en nefna má að í Grundarfirði hafa um nokkurt skeið ekki verið starfandi lögregluþjónar.

Dulin búseta á Vesturlandi vegna fjölda sumarhúsa, háskólanema, mikil fjölgun ferðamanna og uppbygging á Grundartanga, kallar á aukna löggæslu á starfssvæðinu.

## JÖFNUN HÚSHITUNARKOSTNAÐAR

---

Haustþing SSV fagnar þeirra ákvörðun Alþings að hækka verulega niðurgreiðslu raforkuverðs til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut til þess að bæta lífskjör íbúa á köldum svæðum.

## SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

---

Haustþing SSV skorar á Alþingi að hækka fjárveitingar til sóknaráætlana landshluta. Það er nauðsynlegt til þess að sóknaráætlanir standi undir því hlutverk sem þeim er ætlað við að styrkja menningarlíf og menningartengda atvinnustarfsemi, styðja við nýsköpun og efla byggð í landshlutunum.

## SAMGÖNGUMÁL OG FJARSKIPTI

---

Haustþing SSV 2015 leggur þunga áherslu á mikilvægi samgöngubóta og eflingar fjarskipta fyrir uppbyggingu á Vesturlandi.

Jafnframt hvetur haustþing SSV, Alþingi að ljúka sem fyrst vinnu við samgönguáætlun og ítrekar mikilvægi þess að á hverjum tíma sé unnið í samræmi við samþykktu samgönguáætlun. Samgöngumál eru afar mikilvægur málaflokkur og því nauðsynlegt að fjárveitingar til málaflokksins verði auknar á komandi árum, bæði til nýframkvæmda og viðhalds.

## VEGAFRAMKVÆMDIR

---

Haustþing SSV tekur undir þær þær áherslur sem fram koma í umsögn stjórnar SSV til umhverfis- og samgöngunefndar frá 10. júní s.l. varðandi vegabætur á Vesturlandi. Þær eru helstar:

- Fjárveitingar til samgangna, viðhalds og uppbygginga vega verði stórauknar.
- Haustþing SSV hvetur til þess að teknar verði upp viðræður á milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga á Vesturlandi um átaksverkefni hvað varðar lagningu bundins slitlags á tengivegi.
- Jafnframt leggur SSV áherslu á eftirtalin brýn verkefni:
  - ✓ Farið verði í að ljúka framkvæmdum á Fróðárheiði, en framkvæmdum á heiðinni átti að vera lokið árið 2009.
  - ✓ Að vetrarþjónusta Vegagerðarinnar á Vesturlandi verði sú sama og í öðrum landshlutum.
  - ✓ Áframhaldandi uppbygging á vegi um Uxahryggi og Kaldadal.
  - ✓ Lagt verði bundið slitlag á veg um Skógarströnd og Laxárdalsheiði.
  - ✓ Ráðist verði í aukið viðhald og uppbyggingu á vegi 54 Snæfellsnesvegi.
  - ✓ Hafinn verði undirbúningur að tvöföldun Vesturlandsvegur á Kjalarnesi. Mikil umferð fer um veginn, enda er hann tenging Vestlendinga, Vestfirðinga, Norð-

lendinga og hluta Austfirðinga við höfuðborgarsvæðið. Hluti af þessari framkvæmd á Vesturlandsvegi er síðan Sundabrautin sem verður að komast sem fyrst á framkvæmdastig.

- ✓ Hugað verði að því að setja þjóðveg nr. 1 á sér fjárlagalið og framkvæmdir við hann reiknist ekki sem hluti af fjárveitingum landshlutans til vegamála.

Haustþing SSV fagnar frumkvæði Skógræktarfélags Borgarfjarðar um að efna til stórataks við ræktun skjólskóga við Hafnarfjall og hvetur eindregið til þess að farið verði í sambærilegt átak á Kjalarnesi. Mikilvægt er að ríki, sveitarfélög, Vegagerðin og tryggingarfélagin leggi þessu verkefni lið svo það verði að veruleika sem fyrst.

## ALMENNINGSSAMGÖNGUR

---

Árið 2011 tóku sveitarfélögin yfir rekstur almenningsamgangna á milli sveitarfélaga með samningi við Vegagerðina. Það er ljóst að íbúar hafa verið mjög ánægðir með þá þjónustu í almenningsamgöngum sem byggð hefur verið upp undanfarið. Nú er svo komið að ýmsar forsendur í samningi við Vegagerðina eru ekki að standast og á það annars vegar við um endurgreiðslu olúgjalds og hins vegar einkaleyfi á akstursleiðum. Þetta gerir það að verkum að afar erfitt er fyrir landshlutasamtökin að reka þetta verkefni.

Haustþing SSV skorar á alþingi að afgreiða hið fyrsta ný lög um fólksflutninga og að í þeim verði tryggt að einkaleyfi á akstursleiðum haldi og að olúgjald falli niður.

## HAFNIR OG FLUGVELLIR

---

Haustþing SSV telur afar brýnt að alþingi veiti fjármunum til uppbyggingar hafna á þéttbýlisstöðunum á Snæfellsnesi, en vegna uppbyggingar í hafnsækinni atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu er mikilvægt að bæta aðstöðu í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi. Þeir fjármunir sem ætlaðir eru til uppbygginga hafna skulu ekki skertir þegar farið er í uppbyggingu stóriðjuhafna.

Að lokum hvetur Haustþing SSV til þess að flugvellir á Vesturlandi fái viðunandi viðhald og eftirlit þannig að nýta megi vellina áfram. Sérstaklega skal horft til viðhalds á flugvelli í Rífi. Flugvellir skipta miklu máli varðandi öryggi og sjúkraflutninga, auk þess sem þeir skapa tækifæri í uppbyggingu ferðaþjónustu og flugkennslu. Einnig er mikilvægt að skilgreining fari fram á uppbyggingu lendingarsvæða fyrir þyrlur á Vesturlandi.

## FJARSKIPTAMÁL

---

Góðar nettengingar eru forsendur nútímasamfélags, víða á Vesturlandi er ástand fjarskiptamála óviðunandi og gríðarlega mikilvægt að byrjað verði á úrbótum hið fyrsta. Ríkisvaldið verður að setja fram áætlun um með hvaða hætti ríkið ætli að koma að þessu verkefni, því nettengingar eru forsenda nútíma búsetuskilyrða, atvinnuuppbyggingar í dreifðum byggðum bæði í landbúnaði og ferðaþjónustu. Á Vesturlandi er búið að vinna mikla undirbúningsvinnu á þeim svæðum þar sem ástandið er óviðunandi og beðið er eftir ákvörðun ríkisvaldsins um aðkomu þess að þessu verkefni. Það getur ekki orðið hlutverk sveitarfélaga að sjá um uppbyggingu á fjarskiptum í sveitarfélögum.

SSV skorar á ríkisvaldið að stórauka fjárhæðir á fjárlögum til þessa málaflokks sbr. áherslur ríkisstjórnarinnar í fjarskiptamálum. Ennfremur skorar SSV á að ríkisvaldið komi fram með afgerandi hætti um hvort og þá hvenær það ætli að koma á ljósleiðaravæðingu landsins.

## ANNAÐ

---

Haustþing SSV beinir því til stjórnar SSV að láta vinna samgönguáætlun fyrir landshlutann og fela Atvinnuráðgjöf að skoða fjárveitingar til vegamála á Vesturlandi í samanburði við aðra landshluta.